

í Austur-Barðastrandarsýslu og Reykhólahreppi allt að Berufjarðarbotni, **55**
eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar.

13. Amtsráðið felur forseta að afgreiða bænarskrá úr Vestur-Barðastrandarsýslu, um breyting á póstgöngum, til landshöfðingja, með meðmælum. Eptir tillögunum á póstleiðin að vera frá Bíldudal út að Selárdal, og, ef á þarf að halda, látinn annar póstur ganga frá Haga um Geirseyri að Sveinseyri.
14. Amtsráðið samþykkti stofnun nýs yfirsetukvennaumdæmis í Haukadalshreppi og Miðdalahreppi norðan Miðár eptir tillögum sýslunefndar Dala-sýslu.
15. Forseti lagði fram tillögu úr Ísafjarðarsýslu um skiptingu sýslanna í tvö sýslufjelög. Amtsráðið vísaði málinu heim, sökum þess, að allar tillögur vantar um fjárskipti milli sýslupartanna, og enn fremur fyrir það, að á þeim sýslufundi, er málið var samþykkt á, voru að eins mjög fá atkvæði greidd, og ekkert úr öðru hinu fyrirhugaða sýslufjelagi. Þá er það enn að athuga, að enginn amtsráðsmaður er mættur úr Ísafjarðarsýslu á þessum fundi, og ráðinu því ómögulegt, að leita þeirra upplýsinga, sem þörf er á, og hann kynni að geta gefið.
16. Forseti lagði fram kæru frá síra Jóhanni Þorsteinssyni í Stafholti yfir því, að sýslunefnd Mýrasýslu hefur hækkað útsvar hans 1891. Amtsráðið ályktaði að senda mál þetta sýslunefnd Mýrasýslu til umsagnar.
17. Amtsráðið samþykkti eptir tillögu bókavarðar amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, að færa tillagið frá þeim, sem nota safnið, niður, svo það eptirleiðis verði 1 króna á ári.
18. Fyrir fundarhúsleigu ákvað amtsráðið að greiða 10 krónur.
19. Amtsráðið samþykkti og staðfesti reglugjörð fyrir Ísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl., dags. 19. okt. 1893.
20. Að gefnu tilefni frá sýslunefnd Strandarsýslu og einum amtsráðsmanni fól ráðið forseta sínum að mæla með því, að brjefhirðing verði stofnuð á Kleifum í Gilsfirði.

Bókin upplesin, samþykkt og fundi slitið.

Reykjavík 16. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

Reglugjörð

fyrir Ísafjarðarsýslu

um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

1. kaflí.

Um fjármörk.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glögg mark á fje sínu, en eigi hann kindur með vafamarki, sem hann ekki getur markað undir sitt fjár-

56 mark nje brennimerkt, er hann skyldur að vorinu að lýsa skriflega fyrir hreppsnefndinni marki og auðkenni á þeim kindum, ella getur hann ekki haft lögmætt tilkall til þeirra að haustinu.

2. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal semja að minnsta kosti 5. hvert ár, og annast hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, undirbúning hennar, eptir fyrirskipun sýslunefndarinnar. Fyrir að láta innfæra mark sitt í markaskrána greiðir hver markeigandi 10 aura í hvert skipti til hreppsnefndarinnar; rennur gjald þetta í sýslusjóð, og skal afhent oddvita sýslunefndarinnar um leið og markaskráin.

3. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum, nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

2. kaflí.

Um geldfjárrekstur á afrjett og fjallönd á vorin.

4. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að álit hlutaðeigandi hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjall-land fyrir sig sjálfa, skyldir að reka á afrjett að vorinu allt geldfje sitt.

5. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búendur leyfa upprekstur, og liggi beitalönd þeirra saman, svo að fje gangi í löndum á víxl, þá taki hver beitartoll eptir fjárfjölda og jarðarhæð, og hefur viðkomandi hreppsnefnd heimild til að takmarka, hve margt fje þeir megi taka af öðrum, þyki henni útlit fyrir, að löndin verði sett í bittröð.

6. gr.

Öll fráfarulömb skulu að vorinu setin heima eða í upprekstrarlandi ekki skemur en 3 sólarhringa eptir að þeim er fært frá.

3. kaflí.

Um fjallgöngur á haustum.

7. gr.

Í nyrðri parti sýslunnar allt að Hafnardalsá á Laugadalsströnd, skulu þrennar fjárleitir á hausti, en tvennar leitir í hinum parti sýslunnar.

8. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar, sbr. 7. gr., skal 1. leitardagur vera mánudagurinn í 21. viku sumars, en í hinum hlatanum sje hann mánudagurinn í 22. viku sumars. Seinni leitir fara eptir fyrirmælum sýslunefndar.

9. gr.

Þyki hreppsnefnd þurfa, hefur hún heimild til, hver í sínum hreppi, að kalla menn til aukaleita, þar sem hún ákveður. (Framhald).

Reglugjörð

56

fyrir Ísafjarðarsýslu

um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl. (Niðurl.).

10. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur undantekningarlaust að gjöra full fjallskil í hreppi sínum, eptir því sem hreppsnefndin nákvæmar fyrirskipar í fjallskilaseðlinum.

11. gr.

Hreppsnefndin skipar nákvæmlega fyrir um fjallgöngur með gangna-seðli, setur formenn fyrir þær, tiltekur, hverjir gangi hvert stykki, hvað marga menn hver fjáreigandi, sem á 6 kindur á fjalli, og ekki er hjú, leggi í göngur, sjer um útdrátt fjár úr rjettum, aðgætir fje í dilkum og yfir höfuð sjer um, að allt gangi reglulega til, og getur hún falið þennan starfa að nokkru eða öllu þeim, er hún vill, upp á sína ábyrgð.

12. gr.

Næsta virkan dag fyrir leitardag er hver búandi skyldur til, að láta nákvæmlega leita heimalönd sín, þar sem ekki er venjulega leitað til rjetta, og reka til rjettar í tæka tíð geldfje það allt, er finnst í heimalandinu og hvorki hann nje heimilisfólk hans á.

13. gr.

Reki utansveitarmenn geldfje á vori í sveitina til hagagöngu, eru þeir eins og sveitarmenn skyldir að hlýða ráðstöfunum hreppsnefndarinnar viðvíkjandi reglum þessum með göngur og fleira því viðvíkjandi.

14. gr.

Hver, sem skorast undan að gegna hreppsnefndinni viðvíkjandi tillagningu manna í göngur, hvort heldur er utan eða innan sveitar, sektist um 2 kr. til viðkomandi sveitarsjóðs, og borgi að auk manni þeim, er í hans stað kann að verða tekinn til að gegna starfa hans.

4. kafli.

Um rjettir.

15. gr.

Í hverjum hreppi í Ísafjarðarsýslu sje ein lögrjett, og skal reka að henni af svo miklu svæði, sem hreppsnefndin tiltekur; en sje ekki hægt að reka allan fjenað sveitarinnar að sömu rjett, má brúka smá-rjettir, þó hvergi fleiri en 2 í sama hreppi. Búendur þeir, sem reka að smá-rjettum, eru skyldir að reka tatarlaust til lögrjettar allan þann fjenað, sem þeim ekki tilheyrir eða nágrönnum þeirra.

16. gr.

Á vorhreppsskilapingi ákveður hreppsnefndin með samkomulagi við bændur, hvar lögrjett og aðrar rjettir skuli standa í þeim hreppum, sem þetta er enn óákveðið og skipar fyrir um byggingu þeirra.

17. dag júlímán. 1894.

17. gr.

Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, endurgjalda landráðanda það af hlutaðeigandi sveitarsjóði eptir mati óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

5. kafli.

Um óskilafje.

18. gr.

Óskilafje það, sem enginn finnst eigandi að í aðal-skilarjettinni, sje af hreppstjóra selt við opinbert uppboð, er auglýst hefur verið með nægum fyrirvara, þó ekki fyr en um veturnætur. Andvirði þessa fjár sje geymt hjá gjaldkera hreppsins til næsta reikningsárs, og sendir hreppstjóri sýslumanni tölu og lýsingu þess fjár, sem selt er, og annast hann um auglýsingu þess; geta svo rjettir eigendur vitjað andvirðisins til nefndarinnar að frádregnum kostnaði; en um andvirði þess fjár, sem enginn finnst eigandi að, fer sem lög til segja. Ómerkinga, sem ær ekki helga sjer, eignast rjettarbóndi.

19. gr.

Hreppsnefndin annast um geymslu óskilafjár, og sendir þegar lýsing þess í næstu hreppa.

20. gr.

Fyrir vöktun á óskilafje frá rjettardegi til uppboðsdags, skal sá, er geymir, fá í þóknun 4 aura á kind yfir sólarhringinn, þó aldrei yfir 70 aura á kindina alls.

21. gr.

Í hverri rjett sje til staðar markatafla sýslunnar, ásamt markaskráum nærliggjandi sýslna, og annast hreppsnefndin um það.

22. gr.

Til að sanna eignarrjett sinn á því fjármarki, sem ekki stendur í markaskránum, þurfa þeir, sem sjálfs sín eru, að hafa vottorð sýslumannsins eða hreppstjóra, en hjú húsbænda sinna.

23. gr.

Hitti maður annars manns fje í landi sínu eptir síðustu göngur, ber að lýsa því og halda því til skila, og passa með sínu fje fyrir sanngjarna borgun, þar til eigandi vitjar þess, eða hreppstjóri ráðstafar því.

24. gr.

Þegar eigendur koma að fje, sem verið hefur í vöktun, verða þeir eða sendimenn þeirra að borga strax hinn áfallna vöktunar-kostnað; en skorist hann undan því, haldi sá, er fjeð geymir, eptir af því svo miklu, að hann sje viss um, að það dugi fyrir hinum áfallna vöktunar-kostnaði; sje kindin ekki nema ein, ber í sama tilfelli að halda henni. Það fje, er þannig er kyrrsett, selur hreppstjóri við opinbert uppboð, og greiðir vöktunar-kostnaðinn af andvirði þess, en stendur eiganda skil á afganginum, að frádregnum uppboðs-kostnaði.

Framanrituð reglugjörð, sem sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefur samið, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði vesturamtsins á aðalfundi þess 6. og 7. þ. m., og skal hún öðlast gildi 1. dag septembermån. næstkomandi.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 18. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur,

56

Reglugjörð

58

fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

I. kafli.

Um upprekstur í afrjetti og heimalönd.

1. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sje eigi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afrjettir tilheyra, skulu allir, er sauðfje hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfje og lömb á afrjett eptir nánari ákvörðun hreppsnefnda, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrjett í annari sveit.

2. gr.

Ef afrjettur ber ekki allt fjallfje hreppsmanna, eiga þeir að nota hann annaðhvort til skiftis, eða hver einn að tiltölu, eða nokkurir af hreppsmönnum með samþykki hinna.

3. gr.

Hreppsnefndin hefur vald til að segja fyrir, hvort og hve lengi lömb skuli setin, áður en þau eru rekin til afrjettar, hvernig haga skuli rekstrum í afrjett, svo og um rekstur þess fjár til afrjettar, sem rennur úr afrjetti.

4. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndarinnar ljá öðrum upprekstur í tiltölu sína í afrjetti hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að afstýra yfirgangi af innsveitis og utan-sveitar fjenaði í heimalandi, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefur í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni